

Aðalfundur DÍS 3. maí 2014, Grensásvegi 12A.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Fundarstjóri og ritari fundar valin
3. Kynninga framboða til stjórnar DÍS
4. Ársskýrsla
5. Félagsgjöld
6. Lagabreytingar
7. Kosningar stjórnar
8. Önnur mál

Dagskráliðir:

1. Fundur settur og 2. Fundarstjóri valinn og ritari fundar

Formaður DÍS, Sif Traustadóttir, setti fundinn kl. 13:00 og lagði hún fram tillögu að fundastjóra og ritara fundar. Sem fundastjóra Dagmar Ýr Ólafsdóttir og ritara fundar Önnu Berg.

Fundur samþykkti samhljóma stjórnanda og ritara fundar. Dagmar Ýr Ólafsdóttir þakkaði traust fundar og gaf fundargestum stutta kynningu á sér. Anna Berg þakkaði traust fundar.

3. Kynning framboða til stjórnar

Hallgerður Hauksdóttir bauð sig fram í formannsstólinn – sjálfkjörin og samþykkt af fundinum.

Sif Traustadóttir bauð sig fram í starf ritara – sjálfkjörin og samþykkt af fundinum.

Benedikt Axelsson bauð sig fram í starf gjaldkera – sjálfkjörinn og samþykkt af fundinum.

Kosningar:

Kjósa þurfti um tvo meðstjórnendur og sendu fjórir umsækjendur inn umsókn til stjórnarstarfa. Frambjóðendur voru kynntir og stóðu þeir upp um leið og nöfn þeirra voru lesin. Umræddir einstaklingar eru:

Erla Fanný Gunnarsdóttir

Linda Karen Gunnarsdóttir

Magnús H. Skarphéðinsson

Róbert H. Helgason

(kosning fer fram í kaffihléi).

4. Ársskýrsla

Hallgerður Hauksdóttir, ritari DÍS, kynnti ársskýrslu félagsins og birtist hér neðst sem fylgiskjal skýrslan sem lesin var upp á fundinum.

Ársskýrslan var að loknum lestri samþykkt samhljóma.

5. Félagsgjöld

Samkvæmt starfsvenjum aðalfunda DÍS var upphæð félagsgjalda rædd. Sif Traustadóttir leggur til að félagsgjöldin haldist óbreytt næst komandi félagsár, kr. 3.000.- . Sif segir að DÍS sé enn að safna til sín félagsmönnum og því ótímabært að hennar (og stjórnar samkvæmt síðasta félagsfundi) að hækka gjöldin. Sif lagði fram fyrir hönd stjórnar að halda skyldi félagsgjöldum DÍS óbreyttum næsta félagsár – 2014-2015.

Óskar Valtýrason spyr hve margir séu félagar í DÍS. Fær svör frá formanni, Sif Traustadóttur, að í félaginu séu skráðir rúmlega 300 manns. Óskar leggur til að félagsgjöldin verði hækkuð upp í kr. 5.000.- .

Sagt úr sal (kynnti sig ekki) – það þurfi að vera einhver gulrót til þess að vera í félaginu svo sem afsláttur á einhverju og svo framvegis.

Benedikt Axelsson, starfsmaður DÍS, tók til máls og segir að einungis rétt rúmlega 100 manns hafi greitt félagsgjöld DÍS fyrir síðasta ár.

Íris Lilja Ragnarsdóttir bendir á að þó hún sé dýravinur þá sé hún sátt við núverandi upphæð þar sem hún taki þátt í svo mörgum öðrum félögum, vill ekki hækka.

Gunnhildur Hauksdóttir bendir á að nota megi afmæli félagsins til kynningar á félaginu en halda upphæð félagsgjalda áfram lágum.

Tillaga um óbreytt félagsgjöld var samþykkt með samþykki meirihluta atkvæða fundar, einn var á móti tillögunni. Samkvæmt fundinum halda félagsgjöld DÍS óbreytt kr. 3.000.- .

6. Lagabreytingar

Hallgerður Hauksdóttir, kynnti fyrir fundargestum fjórar tillögur til lagabreytinga á núverandi lögum DÍS (tillögurnar voru senda saman með aðalfundarboðinu). Hallgerður las upp og útskýrði tillögur til breytinga þar sem þörf var á frekari skýringum.

Til að tillaga geti talist samþykkt þarf 2/3 kosningarbærra fundargesta að greiða með tillögunni. Á fundinn eru mættir 18 félagsmenn DÍS og þarf hver tillaga að lágmarki 12 atkvæði til að teljast samþykkt.

Eftirfarandi lagabreytingartillögur voru teknar til kosningar á fundinum:

Lagabreytingartillögur 2014

Nr. 1

Í stað núverandi texta í 3. gr., a lið:

a) að tilnefna einn fulltrúa í Dýravelferðarráð samkvæmt lögum um dýravelferð nr. 283/2013.

komi:

a) að tilnefna einn fulltrúa til þriggja ára í fagrað um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

Samþykkt fundar:

17 samþykktu tillöguna, einn sat hjá.

Nr. 2

Í stað núverandi texta í 4. gr., fyrstu málsgrein:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar og félög sem vilja vinna að bættri velferð dýra í samræmi við hlutverk og skuldbindingar sambandsins skv. lögum þessum. Fullgildir félagsmenn teljast skráðir félagar sem greitt hafa árlegt félagsgjald. Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert og eru innheimt árlega.

komi:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar og skráð félög sem vilja vinna að bættri meðferð dýra í samræmi við hlutverk og skuldbindingar sambandsins skv. lögum þessum. Fullgildir félagsmenn teljast samþykktir félagar, sem greitt hafa árlegt félagsgjald. Nýjir félagar eru samþykktir á aðalfundi ár hvert og öðlast rétt til að greiða atkvæði og gefa kost á sér til stjórnar á næsta aðalfundi. Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis fullgildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld.

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert og eru innheimt árlega.

Heimilt er með samþykki aðalfundar að vísa einstaklingi úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið gróflega gegn reglum um félagsaðild sambandsins.

Tillagan var rædd nánar og loks borin undir fundinn.

Samþykkt fundar:

15 samþykktu tillöguna, þrír sátu hjá.

Nr. 3

Í stað núverandi texta í 10. gr., fyrstu málsgrein:

Stjórn sambandsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Kjörgengi til stjórnarsetu eiga allir fullgildir félagsmenn. Kjósa skal formann, tvo meðstjórnendur (...)

komi:

Stjórn sambandsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Kjörgengi til stjórnarsetu eiga allir fullgildir félagsmenn. Aðeins einstaklingar geta boðið sig fram til stjórnar, félög með aðild geta ekki boðið fram mann til stjórnar í sínu umboði. Kjósa skal formann, tvo meðstjórnendur (...)

Samþykkt fundar:

17 samþykktu tillöguna, einn sat hjá.

Nr. 4

Í stað núverandi texta 11. greinar:

Allir fullgildir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og öðrum félagsfundum sambandsins gildir hreinn meirihluti þeirra sem á fundinn eru skráðir en tvo þriðju hluta þeirra þarf til lagabreytinga.

komi:

Allir fullgildir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi gildir hreinn meirihluti fullgildra félagsmanna sem á fundinn eru skráðir en tvo þriðju hluta þeirra þarf til lagabreytinga og allra meiriháttar breytinga á stefnu félagsins. Á öðrum félagsfundum sambandsins gildir meirihluti viðstaddra við atkvæðagreiðslu.

Tillagan var rædd nánar og loks borin undir fundinn.

Samþykkt fundar:

17 samþykktu tillöguna, einn sat hjá.

Kaffihlé kl. 13:40 – 14:18 – kosning fór fram í kaffihléinu.

7. Kosning stjórnar

Leynileg kosning til fjögurra meðstjórnenda fór fram í kaffihléinu.

Samkvæmt niðurstöðum kosninga eru nýir meðstjórnendur DÍS næstu tvö árin:

Linda Karen Gunnarsdóttir og Róbert H. Helgason.

8. Ársreikningar

Hallgerður Hauksdóttir kynnti ársreikningana. KPMG vann bókhaldið fyrir félagið og setti upp ársreikningana. Skoðunarmenn ársreikninga samþykktu reikningana án athugasemda. Að lokinni framsögu og umfjöllun um ársreikninga voru þeir samþykktir samhljóða.

Hallgerður leggur til á fundinum að gerð verði ýtarleg samantekt um tilvist og sögu sjóða DÍS.

Umræða um ársreikninga:

Spurt er um störf starfsmanns og gert er nánar grein fyrir þeim í ársskýrslu stjórnar.

Eigið fé - Hallgerður útskýrði nokkra liði:

- Að lækkun eiginfjár félagsins sé tilkomið vegna kaupa á húsnæði DÍS við Grensás, 2013.*
- Sólskríkjusjóður sé til þess að gefa fé til kaupa á fuglafóðri á veturna – hún telur að virkja þurfi þennan sjóð. Hann hefur staðið óhreyfður á árinu.*
- Sauðfjárverndarsjóður er til styrktar viðgangi sauðfjár svo sem rannsóknarverkefni og fleira. Sjóðurinn hafi verið stofnaður 1960 af Jóni Konráðssyni, kennara á Selfossi, með markmiði að gæta að alhliða velferð sauðfjár. Í erfðaskrá Jóns áhafnaði hann DÍS húsinu sínu á Selfossi, þetta var í tíð Jórunnar Sörensen og Sigríðar. Sjóðurinn hefur staðið óhreyfður á árinu.*

- *Tækjakaupasjóður, dýrin mín stór og smá – sjóðurinn er óhreyfður á árinu.*

- *Minningarsjóður Stephen J. Stephensen, óhreyfður á árinu.*

9. Önnur mál

Sif Traustadóttir tók fyrst til máls undir liðnum önnur mál, hún þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum vel unnin störf. Sif greinir frá því að stjórnin hafi haft áhuga á því að stofna dýraathvarf. Í dag er óformlegt samtal DÍS og Dýrahjálpi um málefnið og það er áhugi hjá báðum félögum að hrinda í framkvæmd dýraathvarfi.

Ólafur Dýrmundsson segir að dýraathvarf hafi verið ein helsta hugsjón fyrrum formanns DÍS, Sigríðar Ásgeirsdóttur, en slíkt sé mjög dýrt í framkvæmd.

Fundagestir eru sammála að dýraathvarf sé nauðsynlegt en dýrt og DÍS geti ekki staðið undir slíku athvarfi eitt og í raun sé slíkt athvarf á ábyrgð samfélagsins.

Sif Traustadóttir greindi frá hugmyndum stjórnar um velferðarvottun búfjárafurða á vegum Dýraverndarsambands Íslands. Til dæmis um sambærilega vottun gefur danska dýravelferðarfélagið Dyrenes Beskyttelse slíka vottun á búfjárafurðum sem framleiddar eru við aðstæður þar sem velferð skepnanna er höfð að leiðarljósi. Sif bendir á að á Íslandi sé til kerfi fyrir vistvæna framleiðslu búfjárafurða en stjórn DÍS telur að velferð dýra þurfi aukið vægi og eftirlitskerfi sem virkar.

Aðrar umræður snúast um hraða á afgreiðslu dýravelferðarmála, framgang erlendra dýraverndarsamtaka, markmiðasetningu DÍS þegar taka þurfi á erfiðum málum, sögu DÍS síðasta áratuginn og endurreisn félagsins og að lokum mikilvægi þess að boðskapur félagsins sé borin út á trúverðugan og gagnvirkan hátt.

Undir lok umræðu undir liðnum önnur mál kom Hallgerður Hauksdóttir, nýkjörinn formaður DÍS, í pontu og þakkaði fundarstjóra fyrir góð störf og Sif Traustadóttur, fráfarandi formanni DÍS, fyrir vel unnin störf síðustu tvö árin. Hallgerður sagði að það væri mikilvægt að allir hugi að velferð dýra, slíkt væri málefni samfélagsins alls. Að lokum þakkaði hún viðstöddum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Fundi slitið 15:34

Fylgiskjal:

Ársskýrsla Dýraverndarsambands Íslands, lesin til samþykktar á aðalfundi 3. maí 2014.

Á árinu voru haldnir 15 stjórnarfundir og að auki 5 vinnufundir m.a. vegna ráðningar starfsmanns, yfirlesturs reglugerða og ályktanna félagsins.

Nýtt húsnæði sem félagið fékk afhent rétt fyrir aðalfund 2013 var sett í stand að mestu, m.a. tekið niður „lagerherbergi“ til að stækka salinn, loftræstikerfi og raflagnakerfi yfirfarið og lagað, sólgardínur settar upp og skipt um brotna rúðu, auk annars. Margt er enn eftir, en það mesta er búið og njótum við þess hér í dag. Það er hugmynd stjórnar að formlegt nafn hússins verði Sigríðarhús. Er það til minningar um fyrrum formann félagsins sem við getum þakkað tilvist húsnæðisins, en hún náði með úthaldi og seiglu að verja hagsmuni okkar þannig að húsnæði okkar í Víðidal Rvk., gaf af sér nægilegt fé til að festa kaup á þessu. Eftir er að láta vinna minningarskjöld til að setja upp henni til heiðurs. Í daglegu tali hefur okkur þó verið tamt að tala um að „hittast í Dýró“ eða „hittast uppí Dísarhúsi“, sem er léttara á tungu.

Unnið var í að finna starfsmann fyrir félagið og auglýst eftir starfsmanni í 50% stöðu. Eftir mikla yfirlegu var ákveðið að ráða konu sem öllum leist best á, en þegar til kom hafði vinnuveitandi hennar ákveðið að bjóða henni hærra laun til að missa hana ekki – svo góð var hún. Benedikt var ráðinn tímabundið í starfið og verður aftur farið að leita að starfsmanni í sumar. Hann hefur unnið að því að koma skrifstofu félagsins í gang, m.a. yfirfara og lagfæra félagaskrána, sem við fengum loks afhenta í sumar á rafrænu formi frá fyrrum gjaldkera félagsins, og kom þá í ljós að skráning allmargra félaga hafði fallið milli stafs og hurðar við útsendingu á tímaritinu okkar, Dýraverndaranum – strax var bætt fyrir það. Einnig á Benedikt veg og vanda af viðgerðunum á húsnæðinu sem hann hefur leyft okkur að hafa innifalið í vinnu sinni og er honum þakkað það kærlega. Enn er eftir að kaupa einhver húsgögn og skrifstofuáhöld inn á skrifstofu, en það er óðum að koma mynd á reksturinn. Skrifstofan hefur verið opin á mánudögum milli kl. 13-18 og jafnt og þétt aukist að fólk viti af því og hafi samband. Við fáum mikið af erindum varðandi illa meðferð dýra og leiðbeinum fólki eða aðstoðum það við að koma ábendingum um slíkt til MAST.

Stjórnin setti upp leiguáætlun fyrir salinn, sem er tvískipt, lág leiga fyrir starfsemi sem tengist dýravelferð en hærra leiga fyrir aðra starfsemi. Er þetta gert til að koma til móts við kostnað við rekstur húsnæðisins. Stjórnin áskilur sér að velja milli leigjenda, við viljum til að mynda að um sé að ræða starfsemi í húsnæðinu sem ekki stangast á við tilgang og markmið félagsins.

Dýraverndarsamband Íslands verður 100 ára gamalt þann 13. júlí næstkomandi og verður haldið upp á það. Vegna afmælishátíðar hafa verið samtöl við Margmiðlun og Miðlun, en hvorutveggja vinna að kynningarmálum fyrir félög og fyrirtæki. Það er enn til úrvinnslu hvernig haldið verður upp á afmæli félagsins.

Á árinu tilnefndi DÍS til menn til hópavinnu við reglugerðir sjö hópa dýra: sauð-og geitfé, nautgripi, hesta, svín, loðdýr, alifugla og gæludýr. Mikil vinna og yfirlega hefur farið í reglugerðirnar, enda mikilvægt að velferð dýra sé höfð í öndvegi við setningu reglugerða um þau. Sú vinna er enn í gangi, en hóparnir hafa að mestu skilað tillögum til ráðuneytisins. Við bindum vonir við að mörg stór atriði geti staðið til bóta um velferð dýra með nýju reglugerðunum, en vitum auðvitað að enn verður margt eftir, enda er vinna við eflingu velferðar dýra langhlaup.

Af öðru sem telja má upp frá þessu starfsári:

Fulltrúar úr stjórn DÍS áttu á árinu fund með borgarstjóra Reykjavíkur vegna minkahunda í Helgadal og gerðu alvarlega athugasemd við að borgin nýtti sér þessa hunda til að arra á minka við veiðar. Unnin hefur verið ályktun um þessa útgerð og er hana að finna í Dýraverndaranum. Við erum komin með tengilið við Reykjavík og formaðurinn okkar fundaði með honum.

Send var fyrirspurn til Náttúrufræðistofnunar Austurlands vegna hreindýrskálfa sem „borna upp“ af því kýrnar eru skotnar frá þeim of ungum til að bjarga sér. Við höfum nú ritað bréf þar sem óskað er eftir því að veiðitímabilið sé fært aftur á árið, svo betri líkur séu á að kálfarnir lifi, og hyggjumst fylgja því eftir.

Facebooksíðan okkar var með ólagi síðastliðið haust en komst hún aftur í gang í desember og virkar vel. Við settum viðmið um efni og samskipti á síðunni og viljum miða við ábyrgð og virðingu í öllu efni þar, ákveðið var að meiðandi færslur yrðu fjarlægðar. Einnig að facebook- og heimasíðan ættu ekki eingöngu að snúast um illa

meðferð dýra, heldur væru einnig vettvangur til að deila skemmtilegum fréttum af dýrum, sögum af viti þeirra og sérkennum og fleiru slíku – í þeim anda að Dýraverndarsambandið snýst ekki um baráttuna eina, heldur er einnig félag dýravina, sem gleðjast yfir tilvist dýra. Svipuð viðmið voru sett um heimasíðuna og almenn samskipti.

Formaðurinn okkar Sif, fór erlendis á ráðstefnu dýralækna í tengslum við starf sitt og hitti þar fulltrúa annarra norðurlanda sem allir lýstu undrun yfir því að hér skuli vera búið að lögleiða drekkingu minka.

Við fengum beiðni um umsögn frá atvinnuvegaráðuneytinu um álit á frumvarpi til laga dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lýstum stuðningi við lagafrumvarpið þar eð það felur í sér skýrari og skilvirkari leiðir til að takast á við sjúkdóma sem ógnað geta heilsu og velferð dýra.

Rætt var að bjóða upp á styrktarleiðir án félagsaðildar, en tekjur félagsins eru mjög lágar, opinberir styrkir engir og huga þarf að framtíðarrekstri þess.

Fræðslufundur var haldinn fyrir nema í líffræði HÍ, í samvinnu við Dýrahjálpi Íslands og gekk vel, var húsfullir og komust færri en vildu.

Formaður og ritari félagsins fóru á ráðstefnu um velferð gæludýra í Brussel og verður þeirri ferð gerð betur skil í næsta tölublaði Dýraverndarans.

Félagið „ættleiddi“ geit, til þess að vekja athygli á stöðu íslenska geitarstofnsins, en lesa má um geitina – sem auðvitað heitir Dís – í Dýraverndaranum sem þið fenguð afhendan hér við komuna. Ættleiðingargjaldið er hóflegt, 16.000 kr. á ári og við munum greina frá viðgangi þessa skjólstæðings og jafnframt skora á önnur félög að ættleiða!

Stjórn DÍs ákvað að hafa reglulega opið hús fyrir félagi næsta vetur, en nú þegar húsnæðið er komið í viðunandi horf, er hægt að fara að sinna félagsstarfi betur.

Stjórn DÍs hefur átt samtöl við félagsskapinn Seeds, sem leggja til mannskap til vinnu, um að byggja hestaskjól fyrir hesta sem þurfa að þola ill veður, í samvinnu við Landssamband Hestamanna og jafnvel Bændasamtökin, en það er enn á viðræðustigi og ekki komin áætlun um það til fulls.

Það er af mörgu að taka um starfsemi félagsins, en mikil gróska er í samtali um dýravelferð og er það vel. Við vonum að næsta ár verði jafn viðburðarríkt og gjöfult að verkefnum og það síðasta.

Hallgerður Hauksdóttir, Ritari DÍs
Stjórn DÍs